



HRUNAMANNAHREPPUR

55. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 2. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 3. FEBRÚAR 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 3. febrúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon, oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna um leið og hann óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Þá óskaði oddviti eftir að fá að leggja fram eftirfarandi fundargögn: a. Minnispunkta frá sveitarstjóra v. málefna fatlaðra og v. skólavistar fatlaðs nemanda. b. Fundargerðir 20 fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. janúar s.l. og 37. fundar afgreiðslu Byggingarfulltrúa frá 6. janúar s.l. c. Einnig fundargerðir fræðslunefndar frá því í gær annars vegar 1. fundar / 44 fundar kjörtímabilsins v. Flúðaskóla og 1. fundar / 45 fundar kjörtímabilsins vegna Leikskólans Undralands. d. Bréf frá Jóhanni Unnari Guðmundssyni v. umsagnar hreppsnefndar v. leigubílaaksturs í Hrunamannahreppi. Samþykkt var að leggja þessi gögn fyrir fundinn.

Dagskrá fundarins:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps 2011-2013 (seinni umræða).
2. Tungufell landskipti v. íbúðahúsbyggingar.
3. Drög að jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps (fyrri umræða).
4. Tilfærsla á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga – og umræða um skólaakstur fatlaðs nemanda í FSU.
5. Bakkatúnsvegur – áskorendalisti.
6. Hverahólmi – áframhaldandi umræða um samning.
7. Drög að leigusamningi v. Kerlingafjalla (til kynningar).
8. Erindi frá Ástu Sigurðardóttur v. fasteignagjalda.
9. Halldóra Ásmundsdóttir áskorun v. reiðvega
10. Bréf frá Jóhanni Unnsri Guðmundssyni v. umsagnar um leigubílaakstur í Hrunamannahreppi.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Hitaveita Flúða: 37. stjórnarfundur frá 25. janúar s.l.
2. 4. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 2. febrúar s.l.
3. fundar fræðslunefndar v. Undralands frá 2. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 119. og 120 fundur félagsmálanefndar frá 12. janúar 2010 s.l.
2. 37. Afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 6. janúar s.l.
3. 20. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. janúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 290 fundur stjórnar frá 13. jan. s.l.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Minnisblað frá 8. janúar s.l.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Ársuppgjör 2009.
- b. Lánasjóður sveitarfélaga: Ársyfirlit 31.12. 2009
- c. Landssamband Hestamanna: Hálendisvegir og slóðar _ myndband á skrifstofu.
- d. Félags- og Tryggingamálaráðuneytið: v. uppreiknuð tekju og eignamörk v. félagslegra leiguíbúða bréf frá 4. janúar s.l.
- e. Félags- og Tryggingamálaráðuneytið: Húsaleigubætur – Uppreiknuð eignamörk.
- f. Umhverfisstofnun: v. uppgjörstímabils refaveiða: Bréf frá 5. janúar s.l.
- g. Jafnréttisstofa: Bréf frá 12. janúar v. jafnréttisáætlunar ítrekun.
- h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Bréf frá 12 janúar v. ársreikninga.
- i. Mennta- og menningarráðuneytið: Samræmd könnunarpróf bréf frá 7. jan. s.l.
- j. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið: Staðfesting á gjaldskrá um búfjäreftirlit bréf frá 19. janúar s.l.
- k. Bláskógabyggð: Fjárhagsáætlun 2010 v. ferðamálafulltrúa.
- l. Lífshlaupið: Fræðslu og hvatningarverkefni 14. janúar s.l.
- m. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Drög að starfsleyfi v. sorphirðu og sorpflutninga
- n. Brunamálstofnun: 112 dagurinn 11. febrúar 2010 bréf dags. 21. janúar – bréfið hefur þegar verið sent slökkviliðsstjóra Jóhanni Marelssyni.
- o. Saman: Forvarnarstarf bréf frá 26. janúar s.l.

Fundir framundan:

- Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) Hótel Sögu 11. febrúar kl. 13.00.
- Sorpstöð Suðurlands: Fundur fimmtudaginn 4. febrúar n.k. kl. 13.30 Austurvegi 56, Selfossi
- Markaðsstofa Suðurlands: Klasasprengrja 11. febrúar kl. 13 – Hótel Selfoss
- Skýrsla á skrifstofu: Vegagerðin – Auðsholtsvegur kynning framkvæmda.

Því næst var gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps 2011-2013 (seinni umræða).** Oddviti opnaði á ný umræðu um áætlunina en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi hreppsnefndar. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. ekki gert ráð fyrir fjárfestingum í áætluninni. Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samhljóða.
2. **Tungufell landskipti v. íbúðahúsbyggingar.** Oddviti kynnti bréf sem borist hefur vegna landskipta í Tungufelli. Þar óskar Landbúnaðarráðuneytið eftir umsögn hreppsnefndar um skiptin. Eftirfarandi samþykkt var gerð: „Lagður fram uppdráttur þar sem afmörkuð er 1600 fm. lóð úr landi Tungufells undir nýtt íbúðarhús. Lóðin er í samræmi við deiliskipulag sem tók gildi 25. september 2008. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga og ekki er gerð athugasemd við landsskiptin skv. 13. gr. jarðalaga“.
3. **Drög að jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps (fyrri umræða).** Oddviti kynnti drög að jafnréttisáætlun hreppsins áætlunin hefur breyst m.t.t. athugasemda frá síðasta fundi hreppsnefndar. Hreppsnefnd vísar áætluninni til síðari umræðu sem verður væntanlega 3. mars n.k. eftir nokkrar athugasemdir sem fram komu við yfirferð.
4. **Tilfærsla á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga – og umræða um skólaakstur fatlaðs nemenda í FSU.** Sveitarstjóri kynnti minnispunkta frá fundi hreppsnefndarmanna og sveitarstjóra í uppsveitum Árnæssýslu og Flóa. Minnispunkta frá fundi sem var á vegum SASS tilfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem haldinn var 18. janúar s.l. Einnig var fjallað um minnispunkta vegna fundar í FSU vegna fatlaðs nemanda frá Flúðum. Hreppsnefnd felur félagsmálastjóra og sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.
5. **Bakkatúnsvegur – áskorendalisti.** Oddviti kynnti áskorendalista þar sem 19 einstaklingar sem málið varðar fordæma þau vinnubrögð og þær tafir sem hafa orðið á lagningu Bakkatúnsvegar. Málið er enn í Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála og hefur verið þar fast í langan tíma þrátt fyrir að Úrskurðarnefndin hafi 19. febrúar 2004 úrskurðað með eftirfarandi hætti: „Kröfur kæranda um ógildingu ákvörðunar hreppsnefndar Hrunamannahrepps frá 24. ágúst 2000, að samþykkja deiliskipulag fyrir íbúðabyggð á Bakkatúni, Flúðum Hrunamannahreppi, er hafnað“. Þá er inná vegaáætlunum Vegagerðarinnar gert ráð fyrir 30. milljónum til verkefnisins ásamt verðbótum. Það er ljóst að ákvörðun hreppsnefndar frá 5. nóvember 2008 víkur fyrir ákvörðun hreppsnefndar frá 7. janúar 2009 þar sem fram kemur að hreppsnefnd taki einungis það land eignarnámi sem fellur innan deiliskipulagsmarka.
6. **Hverahólmi – áframhaldandi umræða um samning.** Oddviti kynnti stöðu mála og ýmis gögn er varða Hverahólma. Málið lagt fram til kynningar.
7. **Drög að leigusamningi v. Kerlingafjalla (til kynningar).** Oddviti kynnti drög að leigusamningi vegna Kerlingafjalla. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
8. **Erindi frá Ástu Sigurðardóttur v. fasteignagjalda.** Oddviti kynnti bréf frá Ástu Sigurðardóttur vegna álagðra fasteignagjalda. Hreppsnefnd synjar óskinni þar sem erindið samrýmist ekki reglum sveitarfélagsins þar sem íbúðin er í útleigu.
9. **Halldóra Ásmundsdóttir áskorun v. reiðvega.** Oddviti kynnti bréf sem borist hefur frá Halldóru Ásmundsdóttur í Hólakoti, þar sem hún skorar á hreppsnefnd að leggja reiðveg meðfram Auðsholtsvegi frá vegamótum við Stóru-Laxá að Birtingaholti. Vegagerðin hefur þegar orðið við ósk Halldóru.

10. **Bréf frá Jóhanni Unnari Guðmundssyni:** Oddviti kynnti bréf frá Jóhanni Unnari þar sem hann óskar eftir umsögn hreppsnefndar um starfsemi leigubílaþjónustu í Hrunamannahreppi. „ Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni yfir því að Jóhann Unnar bjóði uppá leigubíla þjónustu í Hrunamannahreppi. Enda er full þörf á slíkri þjónustu í hreppnum“.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Hitaveita Flúða: 37. stjórnarfundur frá 25. janúar s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað m.a. um gjaldskrá vatnsveitu og hitaveitu, taxta vegna vatnsgjalds í iðnaðarhúsnæði, innheimtumál vegna Átaksveitu. Þar var einnig samþykkt að keyptur yrði bíll sem nýttist hitaveitu og áhaldahúsi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og að fest verði kaup á bifreið. Ákvörðuninni vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar 2010.
2. **Fræðslunefnd 2. febrúar:** Formaður fræðslunefndar kynnti 1. fund fræðslunefndar vegna Flúðaskóla á árinu. Þar er m.a. fjallað um skýrslu skólustjóra þar sem farið er yfir helstu starfsemi skólans. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
3. **Fræðslunefnd 2. febrúar:** Formaður fræðslunefndar kynnti 1. fund fræðslunefndar Leikskólans Undralands. Þar er m.a. fjallað um skýrslu leikskólustjóra, umsóknir um vistun, starfsmannamál o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. **119. og 120 fundur félagsmálanefndar frá 12. janúar 2010 s.l.** Oddviti kynnti fundargerðir 119. og 120. fund félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.
2. **Fundargerð 20. fundar Skipulags og byggingarnefndar frá 26. janúar s.l.:** Oddviti kynnti fundargerðina en þar er fjallað þrjú mál sem tengjast Hrunamannahreppi. Þ.e. Garður-Hvammur I deiliskipulag, Hveramýri 1 -7 deiliskipulag og Dalabyggð. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina
3. **Fundargerð 37 fundar afgreiðslunefndar byggingarfulltrúa frá 6. janúar s.l.** Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 290 fundur stjórnar frá 13. jan. s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 290.stjórnarfund félagsins. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
- b. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Minnisblað frá 8. janúar s.l.** Oddviti kynnti minnisblaðið.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Ársuppgjör 2009.** Lagt fram til kynningar
- b. **Lánasjóður sveitarfélaga: Ársyfirlit 31.12. 2009** Lagt fram til kynningar
- c. **Landssamband Hestamanna: Hálendisvegir og slóðar _ myndband á skrifstofu.** Lagt fram til kynningar sveitarstjóra falið að senda landbúnaðarnefnd erindið.
- d. **Félags- og Tryggingamálaráðuneytið: v. uppreiknuð tekju og eignamörk v. félagslegra leiguíbúða bréf frá 4. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar
- e. **Félags- og Tryggingamálaráðuneytið: Húsaleigubætur – Uppreiknuð eignamörk.** Lagt fram til kynningar
- f. **Umhverfisstofnun: v. uppgjörstímabils refaveiða bréf frá 5. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar
- g. **Jafnréttisstofa: Bréf frá 12. janúar v. jafnréttisáætlunar ítrekun.** Lagt fram til kynningar
- h. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: bréf frá 12 janúar v. ársreikninga.** Lagt fram til kynningar

- i. Mennta- og menningarráðuneytið: Samræmd könnunarpróf bréf frá 7. jan. s.l. Lagt fram til kynningar
- j. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið: Staðfesting á gjaldskrá um búfjárefirlit bréf frá 19. janúar s.l. Lagt fram til kynningar
- k. Bláskógabyggð: Fjárhagsáætlun 2010 v. ferðamálafulltrúa. Lagt fram til kynningar
- l. Lífshlaupið: Fræðslu og hvatningarverkefni 14. janúar s.l. Lagt fram til kynningar
- m. Drög að starfsleyfi v. sorphirðu og sorpflutninga Lagt fram til kynningar
- n. Brunamálastofnun: 112 dagurinn 11. febrúar 2010 bréf dags. 21. janúar. Lagt fram til kynningar
- o. Saman: Forvarnarstarf bréf frá 26. janúar s.l. Lagt fram til kynningar

- Í lok fundarins var rætt um atvinnumáli, nýsköpun og atvinnutækifæri í hreppnum og í nærliggjandi sveitarfélögum. Í framhaldi af þeirri umræðu var eftirvarandi samþykkt:

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkir eftirfarandi ályktun á fundi sínum 3. febrúar 2010 vegna synjunar Umhverfisstofnunar á staðfestingu skipulagsbreytingum sem snúa að virkjunum í neðri Þjórsá. Annars vegar er um að ræða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hins vegar aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 sem ráðuneytið samþykkir að öðru leyti en því sem snýr að virkjunum í neðri Þjórsár. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps lýsir undrun sinni á þessari ákvörðun ráðherra og þeim forsendum sem gefnar eru á synjuninni, vegna þátttöku Landsvirkjunar í kostnaði vegna skipulagsbreytinganna. Einnig bendir hreppsnefnd á ummæli skipulagsstjóra ríkisins um að hvergi komi fram í lögum að fyrirtæki og stofnanir geti ekki tekið þátt í kostnaði vegna skipulagsmála sveitarfélaga. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps lýsir jafnframt yfir furðu sinni á þeim tíma sem ráherra hefur tekið sér til umfjöllunar málsins. Að halda málinu innan ráðuneytisins í allt að 14 mánuði áður en til úrskurðar komi, kallar á að sett séu skýr lög hversu lengi ráðuneyti hafi til slíkrar umfjöllunar.

Flúðum 3. febrúar 2010
Hreppsnefnd Hrunamannahrepps

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.40